



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
bt. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 8. febrúar 2021

2012031SA KB/bg
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (hvatar til fjárfestinga).

Þann 22. janúar sl. voru sendar út umsagnarbeiðnir vegna ofangreinds frumvarps til 14 aðila en ekki var óskað eftir umsögn sambandsins. Sambandið telur þó eðlilegt að veita umsögn um ofangreint frumvarp.


Samkvæmt frumvarpinu er verið að hvetja til fjárfestinga einkaaðila í atvinnurekstrareignum með sérstaka áherslu á eignir sem teljast umhverfisvænar og stuðla að sjálfbærni í umhverfismálum. Hvati til fjárfestingar er í formi flýtifyrningar og lækkunar tekjustofna vegna ívilnana grænna fjárfestinga. Ívilnanir vegna grænna fjárfestinga fela í sér 15% fyrningaralag á stofnverð eigna sem teljast umhverfisvænar, stuðla að sjálfbærri þróun, uppfylla ákveðin áskilin skilyrði og falla undir einn af eftirfarandi flokkum: 1) vistvænar samgöngur, 2) endurnýjanleg orka 3) hreinsun fráveituvatns og endurnýting úrgangs og 4) sjálfbær og umhverfisvæn stýring á náttúruauðlindum og landnotkun. Fjárfestingar sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra falla í mörgum tilfellum undir þessa flokka en í 7. mgr. 1. gr. frumvarpsins kemur síðan fram að umræddar ívilnanir taki ekki til fyrirtækja í eigu eða á ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga.

Að mati sambandsins er ekki rétt að útiloka fyrirtæki sveitarfélaga frá ofangreindum hvötum til fjárfestinga enda mikilvægt að fyrirtæki sveitarfélaga njóti sömu hvata til fjárfestinga og önnur fyrirtæki. Er það sérstaklega mikilvægt þegar um er að ræða aðgerðir líkt og vistvænar samgöngur, endurnýjanlega orku, hreinsun fráveituvatns og endurnýtingu úrgangs sem allt eru málaflokkar sem almennt eru á forræði sveitarfélaga. Sveitarfélög og fyrirtæki þeirra hafa sett fram metnaðarfullar áætlanir til fjárfestinga næstu árin. Með því að veita fyrirtækjum sveitarfélaga hvata til grænna fjárfestinga er hægt að búa til enn betri aðstæður til frekari fjárfestinga í umhverfisvænum verkefnum.

Sambandið leggur því til að 7. mgr. 1. gr. verði svohljóðandi

Ákvæði þetta á ekki við um fyrirtæki í eigu eða á ábyrgð ríkisins eða sveitarfélaga eða skattaðila sem teljast vera í fjárhagsvanda. Þá er ekki heimilt að reikna fyrningaralag þegar fjárfestingin leiðir af skyldum og kröfum sem skattaðila ber að uppfylla í rekstri sínum og rekstrarumhverfi samkvæmt lögum eða alþjóðasamningum.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri